

ÁTÖK Á ÓLYMPSEFJALLI



TIL NEMANDA

Þessi bók er eign skólans þíns og þú hefur hana að láni. Bækur eru dýrar og því mikilvægt að farið sé vel með þær. Gættu þess vel að skrifa ekki í þessa bók.



**Gættu þess vel að skrifa ekki í þessa bók.
Svaraðu öllum skriflegum verkefnum í vinnubók.**

Skóli		Bók nr.		
Skóli		Tekin í notkun		
Nemandi/bekkur	Útlán: (dags.)	Ástand	Skil: (dags.)	Ástand

1) Nafn nemanda skal greinilega skrifað í línurnar hér að ofan.

2) Ástandi bókar við útlán og skil skal lýst þannig:

N: ný bók, G: gott, S: sæmilegt, L: lélegt.

ÁTÖK Á ÓLYMPSEJALLI



Endursögn Illugi Jökulsson

ÁTÖK Á ÓLYMPSFJALLI

ISBN-978-9979-0-2161-2

© 2016 Illugi Jökulsson

© 2016 Teikningar: Kristín Ragna Gunnarsdóttir

Ritstjórn: Sigríður Wöhler

Málfarslestur: Ingólfur Steinsson

1. útgáfa 2016

Menntamálastofnun

Kópavogi

Hönnun og umbrot: Menntamálastofnun

Meginmál: Palatino 11/15 pt.

Prentun: Litróf ehf. – umhverfissvottuð prentsmiðja

Efnisyfirlit


Fyrsti kafli	4
Annar kafli	11
Þriðji kafli	17
Fjórði kafli	23
Fimmti kafli	30
Sjötti kafli	36
Sjöundi kafli	43
Áttundi kafli	49

1. Fyrsti kafli

Systkinin voru eina ferðina enn að eltast við engisprettur þegar þau heyrðu gyðjuna skamma prestinn. Þetta var í þriðja sinn sem fjölskyldan fór í sumarfrí á þessa afskekktu grísku eyju en bæði Bríet og Kristján gátu þó enn unað sér löngum stundum við að fylgjast með bjástri mauranna undir fótum sér eða reyna að átta sig á hvernig engispretturnar væru eiginlega í laginu. Systkinin höfðu á fyrri sumrum fjölskyldunnar á eyjunni einkum rápað um ströndina og skoðað þröngar víkur og þverhnípta kletta sem gengu í sjó fram. Þótt foreldrarnir segðu ævinlega að nú ætluðu þau til Grikklands að upplifa hlýja náttúruna og hið himinbláa haf, var raunin sú að bæði mamma og pabbi dormuðu nánast allan tímann í sólstólum á veröndinni á litla húsinu sem þau leigðu og lásu þykkar bækur sem þau höfðu tekið með sér að heiman. Kristján og Bríet fóru hins vegar í leiðangra og skoðuðu skordýrin og reyndu að komast að því hvar



leðurblökurnar héldu sig á daginn. Eyjan var fjarri mestu ferðamannasvæðum Grikklands og í húsinu þeirra var ekkert netsamband. Pabbi hló bara þegar þau kvörtuðu yfir því að vera ekki í tengslum við umheiminn og sagði þeim að fara út og „skoða heiminn“ eða „hugsa um lífið“. Hann vildi meira að segja takmarka mjög tímann sem þau gátu eytt í símanum, það væri óttalegt að sjá þau sífellt með nefið niðri í þessum snjallsímum. Bríet og Kristján sáu nú ekki almennilega muninn á því að vera með nefið niðri í símanum eða þykkri pappírskilju, hálfsofandi í sólstól.



Þennan dag hafði suðið í einni stórri engisprettu orðið til þess að þau fóru á ókunnar slóðir á eyjunni og álpuðust upp í gil þangað sem þeim hafði aldrei dottið í hug að fara áður. Reyndar var það Kristján sem var hrifnari af engisprettum en Bríet, honum fannst fátt nota- legra en suðið í þeim en hún lét það stundum fara í taugarnar á sér þegar það var orðið of hávært. Nú var hún í góðu skapi og lét það eftir Kristjáni að elta þessa háværú engisprettu þar sem kvikindið stökk milli steina inn í gilið upp af ströndinni. Þau höfðu aldrei gengið upp í það áður. Inni í gilið lá lyktin af barrkönglunum yfir öllu og hljóður hitinn umlukti þau. Brátt breikkaði það töluvert og þá sáu þau glitta í skjannahvít hús og heyrðu reiðilega röddina. Þau sáu strax í hendi sér að þetta var grísk kapella en nokkrar slíkar höfðu þau áður séð á ferðum sínum meðfram ströndum eyjarinnar. Þær voru agnarlitlar en samt voru þar altari með fallegum íkonamyndum af Jesú og Maríu með skrautlegar kórónur og þarna inni var þykk og notalega reykelsislykt, og stundum var svartklæddur prestur að biðjast fyrir við altarið.

Systkinin gleymdu engisprettunni sem þau höfðu verið að eltast við og fetuðu sig upp í hlíðina til að rannsaka betur kapelluna og vita af hverju kvenröddin var að rífast. Þegar þau komu nær sáu þau að kapellan var líklega nýbyggð. Það voru sementspokar í haug við eitt húshornið og spýtnabunki og dollur undan málningu eða ein- hverju þess háttar. Við húsið stóð prestur í fullum skróða, kolsvörtum kuflum með háan hatt á höfði og sítt svart skegg. Hann virtist frekar ungur í fasi þótt fötin væru gamaldags. Þarna stóð hann og hlustaði kurteislega á gamla konu sem stóð fyrir framan hann og jós yfir hann skömmum.

Konan var afar hnarreist og hávaxin en það fór samt ekki milli mála að hún var ansi gömul. Hún var alveg gráhærð og jafnvel neðan úr hlíðinni sáu systkinin að hún var mjög hrukkótt í andliti. Röddin var hins vegar styrk og skýr og hún átti ekki erfitt með að koma fyrir sig orði, því skammirnar beinlínis fossuðu af vörum hennar yfir prestinn. Hann haggðist samt ekkert.

Systkinin litu hvort á annað. Ættu þau ekki að laumast burt? Var ekki dónalegt að hlusta á rifrildi annars fólks? Skyndilega sáu þau annan karlmann nálgast. Hann kom út úr kjarrinu að baki gömlu konunnar og lagði hönd á öxl hennar. Hann þurfti nánast að teygja sig, því hann var að minnsta kosti höfðinu lægri en hún en aftur á móti afar breiður og kraftalega vaxinn. Skrokkurinn var ekki feitur, heldur eins og steinsteypt vöðvabúnt. Það var furðulegt að sjá svona kraftalegan kropp á svo gömlum manni, því hann var líka gráhærður og ansi hrukkóttur. Þegar systkinin mjökuðu sér nær sáu þau að hann var líka mjög hjólbeinóttur. Það var eins og fæturnir þyldu varla þennan breiða skrokk og hefðu þess vegna bognað undan þunganum.

Systkinin sáu ekki að karlinn segði neitt við gömlu konuna en hún snarþagnaði þegar hann lagði þykka krumlu sína á öxl hennar og hún andvarpaði. Svo hristi hún af sér hönd kraftakarlsins roskna og stormaði framhjá prestinum og upp að litlu kapellunni og það ætlaði að detta af systkinunum andlitið þegar þau sáu að hún hrækti duglega á kirkjudyrnar. Presturinn kipptist við þegar hann sá þetta en stillti sig og stóð áfram grafkyrr. Gamla konan arkaði svo framhjá honum aftur og hvarf inn á milli runnanna. Gamli kraftakarlinn glotti allt í einu skelmislega til prestsins og fór svo á eftir henni. Þá loksins tók presturinn við sér, axlir hans sigu eins og honum væri öllum lokið en hann gekk samt virðulega upp að litlu



kapellunni sinni og greip þar fötu með vatni og nálæga tusku og fór að þrífa burt hráka gömlu konunnar af dyrunum.

Bríet og Kristján fíkrúðu sig framhjá kapellunni. Þau voru viss um að presturinn hefði ekki tekið eftir þeim. Bæði voru svo forvitin um þetta skrytna gamla fólk að þau urðu að njósna svolítið. Kjarrið þangað sem skötu hjúin hurfu var þétt og barrið klóraði þau á berum fótleggjunum en eftir um það bil fimm mínútna göngu komu þau að stóru rjóðri. Þar blasti við furðulegur kofi, greinilega rekinn saman úr spýtum úr ýmsum áttum og af ýmsum stærðum. Á stöku stað voru járnplötur eða krossviður en steinsúla líkt og úr gömlu grísku hofi skar sig algjörlega úr. Hún var mannhæðarhá og ofan á henni virtust vera brot af stytta af einhverju kvikindi. Öðru megin við styttuna var dyrarammi úr tré og fyrir dyrunum áklæði sem einhvern tíma hafði verið mjög litríkt en var nú orðið skítugt af ryki og upplitað af sólinni.

Fyrir framan húsið var hjólbeinótti karlinn að kveikja eld á hlóðum. Svo setti hann gamla kaffikönnu yfir eldinn. Gamla konan hafði fengið sér sæti á stórum steini skammt frá hlóðunum og starði út í loftið. Hún tók snögg viðbragð þegar hún varð Kristjáns og Bríetar vör, leit til þeirra og hnyklaði brúnir. Þótt þau væru í allnokkurri fjarlægð rann þeim kalt vatn milli skinns og hörunds, svo illileg var hún. En á sekúndubroti gerbreyttist andlitið, hún varð furðulega blíðleg og brosti fallega til þeirra.



„Afsakið þetta,“ kallaði hún til þeirra. „Þið eruð gestir hér og það er leiðinlegt að láta gesti verða vitni að rifrildum. Komiði nú nær og fáið ykkur sopa hjá honum litla bróður sínum.“ Og hún hneigði höfuðið í átt að gamla manningnum sem tók könnuna af hlóðunum og hellti skírurum vökva í glas og otaði því brosandí að þeim. Þótt allt væri þetta heldur skrytið fundu systkinin ekki til neinnar feimni og hvað þá ótta, heldur gengu hiklaust inn í rjóðrið og Kristján tók við glasinu úr hendi karlsins og fékk sér sopa. Þótt karlinn væri nýbúinn að taka könnuna af logandi hlóðum var drykkurinn reyndar ískaldur og svalandi og einkar bragðgóður. Kristján þakkaði fyrir sig og karlinn benti Bríeti að fá sér líka. Hún drakk og brosti svo og þakkaði kurteislega fyrir sig. Karlinn hneigði höfuðið, brosti örlítið en sagði ekkert.



„Hann segir ekki margt, hann Ares bróðir minn,“ sagði gamla konan. „En hann er ánægður með að ykkur líki glundrið.“

Nú benti gamla konan þeim að fá sér sæti við hlóðirnar. Þar voru bæði stórir steinar, súlnabrot og gamlir klappstólar og fleira þar sem mátti fá sér sæti. Systkinin settust og gamla konan horfði rannsakandi á þau. Þeim fannst augnaráðið nánast eins og röntgengeislar sem horfðu algjörlega í gegnum þau.

„Já,“ sagði konan loks. „Ég biðst sem sagt afsökunar á að hafa látið ykkur heyra þessar skammir mínar í garð prestræfilsins. Það kom ykkur ekki við. En hann er svo frekur, þessi maður. Við áttum að fá að vera í friði hér í hlíðinni en þá ryðst hann inn á okkar svæði og reisir þessa kapelluskömm sína. Sveiattan.“

Hún spýtti í hlóðirnar. Það blossaði upp skyndilegur logi svo Bríet og Kristján hrukku við. Karlinn leit eins og aðvarandi á systur sína. En hún hélt reiðilega áfram.

„Já, það er ekki nóg með að þessi kirkja hans og þessi guð hans séu búin að ræna frá okkur völdum yfir öllum heiminum, heldur fáum við ekki að vera í friði hér í þessari fátæklegu fjallshlíð!“

Hún virtist ætla að spýta aftur en stillti sig.

„Hvað meinarðu með að þið hafið verið rænd völdum í öllum heiminum?“ spurði Bríet.

„Bara það sem ég segi,“ ítrekaði gamla konan. „Við réðum heiminum og svo vorum við hrakin burt og fáum svo ekki einu sinni að vera í friði hér á eyjunni.“ Gamla konan varð næstum kankvís þegar hún hélt áfram:

„Við erum gömlu guðirnir. Aþena heiti ég, dóttir Seifs yfirguðs. Ég var kölluð viskugyðjan á sínum tíma og vonandi enn þá. Og hann Ares minn er stríðsguðinn sjálfur, þótt ekki sé hann kannski hermannlegur núorðið.“

Annar kafli

Kristján rak upp hlátur. Konan var greinilega rugluð. Haha, viskugyðja! Og hjólbeinótti karlinn stríðsguð! Þá varð Kristjáni litið á Bríeti og sá að hún var hvorki hlæjandi né með vantrúarsvip á andlitinu. Hún horfði bara forvitin á gömlu konuna.

„Ég veit ekkert mjög mikið um grísku guðina,“ sagði hún.

„Hétu þeir ekki allir Júpíter og Venus og Mars og svoleiðis?“

„Uss,“ sagði gamla konan. „Það er rómverska frændfólkið okkar. Ósköp svipuð okkur, en ekki eins, alls ekki eins. Við grísku guðirnir eigum ekki okkar líka.“ Og hún glotti út í annað.

„Á ég að segja ykkur sögu okkar?“ spurði hún svo.

„Já, gjarnan,“ sagði Bríeti og potaði aðeins í Kristján. „Er það ekki, Stjáni?“

„Ha, jú,“ sagði Kristján. „Alveg endilega. Bara alveg endilega. Sköpuðuð þið heiminn eða hvað?“

„Áttuð þið ekki heima uppi á einhverju Ólympusfjalli?“ spurði Bríeti sem hafði séð teiknimyndir um grískar hetjur eða guði.

Gamla konan ansaði ekki en kallaði yfir öxl sér: „Ares, ætlarðu að bæta í glösin þeirra.“

Hjólbeinótti kraftakarlinn hafði farið inn í kofann en birtist nú aftur með könnu sína og hellti köldum svaladrykknum í glös krakka-anna. Hann brosti undurfurðulega. Svo lagði hann könnuna á hlóðirnar og fór á handahlaupum út í kjarrið og hvarf. Já, þessi aldraði maður brá sér allt í einu á handahlaup eins og ungur og þrautþjálf-aður fimleikamaður. Og gamla konan varð ekkert hissa. Hún kom sér bara þægilega fyrir í sæti sínu við hlóðirnar og starði eins og dreymandi upp í heiðbláan himininn og bjóst til að hefja upp raust sína.

Nú spyrjið þið líklega: Hvaða mál talaði gamla konan? Hvernig stóð á því að ungir krakkar frá Íslandi skildu hvert orð sem þessi gríska kona sagði? En þessari spurningu er erfitt að svara. Meðan systkinin hlustuðu á gömlu konuna tala hugsuðu þau reyndar ekkert

um það hvaða tungumál hún talaði. Þau skildu hana bara fullkomlega og hún skildi þau. Það var svo margt skrýtið í sambandi við

þessa konu. Bara til dæmis að þeim systkinum skyldi detta í hug að hlusta á sögu hennar. Auðvitað hlaut sagan að vera bull en yfir konunni var svo kraftmikil og stillileg ára að það kom aldrei til mála að dæma hana sem einhvern rugludall.

„Heimurinn var ekki skapaður af okkur á Ólympstindi,“ sagði gamla konan mildilega. „Heimurinn er miklu eldri en svo.

Þið hafið sjálfsagt lært í kirkjunni að ykkar guð hafi skapað heiminn en sannleikurinn er allur annar.“ Aþena rækkti sig og hélt svo áfram.



„Í upphafi var Kaos,“ sagði hún hátíðlega og næstum sönglandi. „Algjört kaos, segir fólk nútildags, og meinar algjört rugl, en það Kaos sem kom á undan heiminum var hvorki óreiða né rugl, heldur bara auðn og tóm, þar sem allt var og samt ekkert ...“ Nú greip Kristján fram í.

„Eins og alheimurinn fyrir Miklahvell!“ hrópaði hann. „Þegar allt efni í öllum heiminum var samþjappað í einum punkti. Ég hef séð myndband um þetta á netinu.“

„Og svo varð algjör sprenging,“ bætti Bríet við.

Aþena gaf þeim hornauga.

„Það varð engin sprenging,“ sagði hún ögn gremjulega. „Þið megið hafa þessar nýtísku kenningar ef þið viljið en ég ætla að segja ykkur söguna eins og hún var.“


Það varð þögn. Kristján og Bríet litu undan, kinkuðu kolti og biðu.

„Kaos ... þetta mikla tóm. Brátt fór eitthvað að kvikna í tóminu og á löngum tíma, meira að segja ég veit ekki hvað löngum, þá varð Gaía til, og hún var bæði gyðja og líka staður, því hún Gaía var jörðin sjálf. Þið sjáið fjöll og dali og haf og ský og gróður og kletta en þetta eru hlutar af Gaíu.“

Aþena teygði höndina til jarðar og strauk furðu blíðlega yfir rykugan og sótugan svörðinn kringum hlóðirnar.

„Gaía,“ sagði hún blíðlega. Og Kristjáni og Bríeti fannst báðum eins og þau heyrðu djúpt andvarp einhvers staðar neðan úr jörðinni. Aþena hélt áfram:

„Svo fór fleira að kvikna í Kaos. Tartarus var næstur. Gaía er hið æðsta goðmagn lífsins og jarðarinnar en Tartarus er helgaður dauðanum og hinum allra dýpstu undirheimum. Þar lúrir hann svo djúpt



niðri að menn eru ekki einu sinni sendir svo langt þegar þeir deyja. Og svo kviknaði Eros næstur úr Kaos, hann var ástin. Eros var ekki sá pattaralegi ástargemlingur með vængi og boga, sem þið þekkið af myndum. Sá heitir í rauninni Amor og er reyndar sonur hans Aresar bróður míns. Nei, Eros var miklu dýpri ástarguð, hann er hið mikla afl sem dregur hluti saman, aðdráttaraflið sjálft, bæði milli hluta og fólks.“

Rödd Aþenu var orðin nánast dáleiðandi þegar hún hélt áfram og lýsti því hvernig allur heimurinn og allir kraftar og öll goðmög्न spruttu upp úr tóminu Kaos. Jörðin Gaía fæddi af sjálfri sér fjöllin og hafið og svo himininn sjálfan. Hann varð mikill guð og kallaðist Úranus. Og himinn og jörð, Úranus og Gaía, fóru að draga sig saman.

„Ég vildi að ég hefði fengið að upplifa þetta,“ sagði Aþena. „Að sjá náttúruna beinlínis verða til, efnið dragast saman fyrir áhrif Erosar, sjá hvernig klettur blöstu allt í einu við upp úr þurru, hvernig vindurinn blés í fyrsta sinn, hvernig gróður festi rætur í nýfæddri mold. En þá fyrst fóru nú hlutirnir að gerast, þegar afkvæmi Úranusar og Gaíu komu til sögunnar.“

„Vorur þau ekki systkini?“ lagði Kristján í að spyrja. „Máttu þau ... ja, eignast börn saman?“

„Þau voru ekki manneskjur,“ sagði Aþena stuttaralega og brosið hvarf af vörum hennar. „Þau voru hin fyrstu goðmög्न, óstöðvandi afl í náttúrunni en ekki fólk. Um þau giltu ekki reglur ykkar manna.“

Bríet og Kristján kinkuðu bara kalli.

„Sum afkvæmi himinsins Úranusar og jarðarinnar Gaíu voru ekki beint smáfríð,“ hélt frásögn Aþenu áfram. „Kýklópar hét einn hópurinn, þrír voru þeir, ógurlegir risar, kafloðnir og skelfilegir. Þeir voru aðeins með eitt auga í miðju enninu en höfðu ómælda krafta í köggjum og kunnu ýmislegt fyrir sér við smíðar. En þeir voru einþykkir og skapstirðir og þegar þeir reiddust var rödd þeirra svo ógurleg að fjöllin nötruðu og jörðin gekk í bylgjum. En hafi kýklóparnir þótt svakalegir, þá voru þeir þó hátíð miðað við næsta skammt



af krökkum sem Gaía ól Úranusi en það voru þrjár risar með hundrað hendur og fimmtíu grimmdarleg höfuð. Úranusi blöskraði svo þegar hann sá þá á leið í heiminn úr kviði Gaíu að hann reyndi að troða þeim aftur inn í hana. Þá skalf Gaía svo af reiði og kvölum að aðrir eins jarðskjálftar hafa aldrei skekið jörðina hvorki fyrir né síðar. Og risarnir þrjár sluppu út í heiminn og voru öllum til ama og skelfingar. En þó voru ekki öll afkvæmin svona ferleg, títanarnir voru til dæmis bæði tilkomumiklir og fagrir. Þeir voru tólf, sex stelpur og sex strákar og með þeim komu fleiri náttúruöfl til sögunnar og eiginleikar sem síðan hafa prýtt bæði okkur guðina og mannfólkið líka. Í hópnum var til dæmis hún Þemis, réttlætið sjálft, það var hún sem fyrst allra fann

fyrir þeirri fallegu hvöt að lífið ætti að vera réttlátt. Og þarna voru líka meðal títananna systkinin Theia og Hýperíon í hópi hinna fyrstu tíтана, þau urðu strax skotin hvort í öðru og þeim fylgdi alltaf mikil ást og birta. Þau eignuðust þrjú börn, fyrst dögunina, eða hina rós-fingruðu morgungyðju eins og skáldin ykkar kölluðu hana, en síðan komu sólin Helios og mánagyðjan Selena. Þau eru öll yndislegar verur og bjart yfir þeim en það er þó erfitt að kynnast þeim að ráði persónulega, því þau eru sífellt á þeytingi yfir himinhvolfið að færa okkur öllum birtuna.“

Áþena þagnaði andartak. Hún horfði á Bríeti og Kristján til skiptis.

„Og nú þarf ég að segja ykkur frá Krónosi og Rheu.“

Systkinunum fannst nánast eins og þau heyrðu dramatíska kvikmyndatóna hljóma undir þegar gamla konan nefndi þessi nöfn.

Og hún hélt áfram:

„Himinninn Úranus drottnaði yfir jörðinni. Hann náði völdum í öllu sköpunarverkinu og þá gómaði hann bæði kýklópana og hina hundraðhentu rísa og faldi þá í hinum dýpsta helli sem hann fann í undirdjúpum Tartarusar. Honum fannst þeir svo ljótir að hann vildi hvorki sjá þá né vita af þeim. Þar fengu þeir aldrei að sjá svo mikið sem skímu dagsins og ekki einu sinni tunglsljós Selenu frænku sinnar.

Gaía gramdist þetta stórkostlega. Kýklóparnir og hinir hundraðhentu voru þrátt fyrir allt börnin hennar, ekki síður en títanarnir, og hún fann til í iðrum sér þegar þeir hnykluðu ónotaða vöðva sína í

hinum dimmu undirdjúpum. En jörðin var undir himninum

og Úranus var henni sterkari. Loks ákvað Gaía að grípa til sinna ráða. Hún mótaði úr hörðu grjóti mikla og hárbeytta kornsigð og kallaði svo saman títanana á laun og sýndi þeim sigðina. Hún sagði þeim að þau yrðu að snúast gegn föður sínum og mættu nota þessa sigð gegn honum.“



Þriðji kafli

Aþena var dimm á svipinn. Hún hafði lækkað röddina verulega.

„Enginn títananna þorði að taka sér í hönd sigðina miklu. Þvert á móti litu þeir tortryggirnir til himins til að vita hvort Úranus faðir þeirra væri nokkuð að fylgjast með þeim. Hann myndi hefna grimmi-lega ef hann kæmist að því að kona hans og börn ætluðu að snúast gegn sér. Svo enginn tók boði Gaíu. Þangað til kom að þeim yngsta, Krónusi.

Krónus var uppfullur af æskufjöri og metnaði. Hann stóðst ekki hvatningarorð móður sinnar um að snúast gegn harðstjóranum föður sínum. Krónusi var eflaust alveg sama þó bræður hans kýklóparnir og risarnir hundraðhentu þyrftu að dúsa í iðrum Tartarusar en þó lofaði hann mömmu sinni að fyrir það fengi faðir hans makleg málagjöld.“

Aþena leit til himins. Bríet og Kristján litu líka upp. Það var eins og það væri svolítið dimmara í lofti en þau minnti. Samt sást hvergi ský. En Aþena hélt áfram:

„Næst þegar Úranus birtist óð Krónus gegn honum með hina hárbeyttu steinsigð á lofti og með einni snöggri sveiflu ...“

Aþena leit nú rannsakandi á systkinin. Hún hallaði undir flatt.



„Það sem næst kemur er dálítið dónalegt. En það er engin leið að sleppa því ef á að segja ykkur þessa sögu eins og hún var í raun og veru. Með einni snöggri sveiflu skar Krónus undan föður sínum með sigðinni. Typpið og punginn og hvaðeina. Öllu hent út í sjó. Þá fossaði úr Úranusi blóðið. Annað eins blóðrennsli hafði aldrei sést í heiminum áður, enda var Krónus sjálfur himinninn og ekkert smáræði af blóði sem rúmaðist í líkama hans. Þar sem það fossaði niður á jörðina Gaíu spruttu með tímanum upp nýjar verur og goðmögn ... nýir risar, tröllslega stórir, þótt ekki væru þeir jafnokar titana, og refsinornirnar, úff, þær eru hræðilegar, þær uxu upp að næturþeli og urðu myrkar í skapi, þær fara um og refsa þeim sem gera eitthvað af sér, það þarf ekki alltaf að vera mikið.“

Eins og kallaður birtist Ares á handahlaupum út úr kjarrinu. Án þess að blása úr nös greip hann könnuna af hlóðunum og hellti í glös með örlítið bros á vörum.

„Drap Krónus sem sagt þabba sinn?“ spurði Bríet þegar hún hafði fengið sér sopa og Ares var horfinn aftur inn í kofann.

„Ojþara,“ bætti Kristján við.

„Nei,“ sagði Aþena snögg upp á lagið. „Hann dó ekki, hann Úranus. Þá hefði himinninn hrunið og brotið alla jörðina og bramlað. Nei, hann lifði en illa særður og kraftlaus. Hann varð að láta af hendi herradóm sinn yfir heiminum og hefur síðan verið til friðs á himinhvolfinu og ekki látið að sér kveða í valdaskaki guða og manna. Krónus hrifsaði völdin. Úranus átti reyndar eitt lokaskot upp í erminni áður en hann hvarf á braut að sleikja sín sár. Því Úranos bölvaði Krónusi hraustlega og spáði því að hann myndi þurfa að þola uppreisn sona sinna. Krónus skyldi bara vara sig þegar þeir færu að koma í heiminn.“

Krónus reyndist enginn engill. Þótt Gaía hefði upphaflega hvatt hann til uppreisnar til að synir hennar kýklóparnir og risarnir hundraðhentu þyrftu ekki að dúsa í niðdimmri prísundinni í Tartarus, þá læsti Krónus þá alla aftur þar niðri og sinnti í engu bænum Gaíu um að opna fyrir strákunum. Þannig reyndi Krónus að tryggja sig gegn

hugsanlegum uppreisnum þessara ófélégu bræðra sinna. Þegar hann tók sér svo Rheu systur sína fyrir konu og fór að eiga með henni börn, gleypti hann þau hvert af öðru nýfædd, svo þau gætu ekki velt sér af valdastóli líkt og Úranus hafði hótað. Gaíu gafst rétt tími til að gefa krökkunum nöfn áður en Krónus gleypti þau í einum bita: Stelpurnar hétu Hera, Demetra og Hestía en strákararnir Poseidon og Hades. Þegar sjötta barnið var rétt ókomið í heiminn var örvænting Rheu út af þessu orðin svo mikil að hún ákvað að grípa til örþrifaráðs. Er barnið fæddist, drengur sem hún kallaði Seif, kom hún því í felur en náði í staðinn í steinhnullung sem hún vafði reifum og færði Krónusi. Hún sagði honum að þetta væri nýfæddi sonurinn. Græðgi guðsins var svo hamslaus að hann tók ekki eftir því að það var ekki kjötbiti sem hann gleypti, heldur grjót.

Svo leið og beið og Krónus undi glaður við sitt en í leynum óx Seifur sonur hans úr grasi. Seifur, sem seinna varð faðir minn.“

„Hvernig stóð á að Krónus frétti þetta ekki strax?“ áráddi Kristján nú að spyrja. „Var hann ekki æðsti guðinn í heiminum? Sá hann ekki og heyrði allt sem gerðist?“

„Það eru ýmsar ástæður fyrir því,“ svaraði Aþena. „Gaía hafði ráð undir rífi hverju. Hún faldi hann í helli á eyjunni Krít, þetta er stór hellir á Ída-fjalli, og ef þið haldið að ég sé að grínast, þá skuluð þið bara fara til Krítar og skoða hellinn, hann er enn á sínum stað. Hún fékk tvær dísir til að ala hann upp. Önnur þeirra brá sér í geitarlíki og gaf honum mjólk að drekka en hin færði honum hunang og á þessu lífði hann. Hópur brynjuklæddra dansara sem voru í þjónustu Gaíu hélt til við hellinn og þegar Seifur fór að vola eins og ungbörn gera, þá upphófu þeir mikla stríðsdansa og lömdu látlaust með sverðum sínum á skildi og brynjur svo Krónus heyrði ekki barnsgrátinn. Þá var kviknað alls konar líf af jörðinni, gróður og dýr og margvísleg kvikindi og guðlegar verur og mannlegar, og þar á meðal þessir dansarar.

Þegar Seifur stækkaði geymdi barnfóstran hann hangandi í tré um tíma, þar með kom hann hvergi við jörðu en var heldur ekki beinlínis uppi í himninum. Af því hann var hvorki á himni né jörð varð Krónus

hvergi var við hann. Þegar pabbi var orðinn fullvaxta var hann sá flottasti sem sést hafði í heiminum, hvorki meira né minna. Hann var fallegur, það glóði eldur í augum hans, hann var kraftalegur, stór og mikill og bar með sér ótakmarkað afl. Hann virtist sjá allt og heyra allt. Það var óhjákvæmilegt að hann gengi á hólmi við hinn grimma föður sinn Krónus og gerði tilkall til valda.“

Ápena andvarpaði. Hún var í senn sorgmædd á svipinn en líka hrifin og spennnt þegar hún hélt áfram frásögn sinni:

„Seifur hafði arkað á fund Krónusar og krafist þess að hann afsalaði sér völdum í heiminum og skilaði aftur börnunum sem

hann hafði hámað í sig.

Seifur var þess fullviss

að úr því Krónus

hafði gleypst



Þau í einum bita, þá væru þau enn á lífi í maga hans. Krónus ætlaði að þverskallast við kröfu sonar en Seifur var orðinn honum sterkari. Hann sneri upp á höndina á föður sínum og neyddi hann til að gleypa uppsölumeðal sem hin vitra títanynja Metis hafði bruggað honum.“

Bríet og Kristján tóku eftir því að Aþena varð óvenju blíð á svip þegar hún minntist á Metis.

„Meðal hennar virkaði vel og Krónus kastaði fyrst upp systkinum Seifs hverju á fætur öðru: Poseidon, Hadesi, Demetru, Heru og Hestíu. Það urðu fagnaðarfundir,“ sagði Aþena og brosti. „Krónus var kveðinn í kútinn og sagðist sætta sig við orðinn hlut, hann þóttist viðurkenna yfirráð Seifs sonar síns yfir heiminum. Og Seifur skipti svo ríkinu milli sín og bræðra sinna. Sjálfur var hann æðstur og réði himnunum en Póseidon stýrði sjó og vötnum. Hades fékk



undirheima, sem síðan urðu ríki hinna dauðu. Sá heimur er ekki hinn sami og Tartarus og hvergi nærri eins djúpur og dimmur en neðanjarðar er hann samt. En á jörðinni, sem raunar var fyrst og fremst ríki Gaíu, þar máttu allir bræðurnir láta að sér kveða.“

Kristján ræskti sig örlítið. Aþena leit á hann og lyfti brúnum.

„Hérna,“ sagði Kristján, „sko, af hverju skiptu bræðurnir á milli sín heiminum? Fengu systurnar ekki neitt?“

„Jú, þær fengu sitt,“ sagði Aþena snögg upp á lagið. „Hestía eldaði hina fyrstu máltíð fyrir systkinin eftir að þau voru laus úr maga Krónusar og hún varð gyðja arinelds og hlóða, matseldar og heimilishalds. Hera varð gyðja kvenna og líka hjónabandsins. Og Demetra varð gyðja akuryrkju og frjósemi, hún sá um að gróðurinn færi að spretta á hverju vori og ef hún vanrækti það fór ansi illa, því hungrið blasti strax við í heiminum ef kornið óx ekki.“

„Heyrðu,“ mannaði Bríet sig upp í að segja. „Er þetta ekki svolítið gamaldags? Seifur og bræður hans ráða himni og jörð og hafinu og undirheimnum en stelpurnar sjá bara um svona eitthvað sem snýst um heimilið og uppskeruna?“

„Bara?“ sagði Aþena og hvessti augun á Bríeti. „Það er ekkert bara að sjá um heimili og uppskeru eins og þær gerðu Hestía og Demetra. Þetta eru mikilvægustu hlutir lífsins, einmitt þeir sem halda lífinu í ykkur mannfólkinu. Og Hera var gyðja kvenna og konur eru helmingur mannkynsins, svo ríki hennar var nú ekkert smáræði. En jú, samt var þessi skipting gamaldags. Enda var þetta í gamla daga. Það eru mörg þúsund ár síðan þeir ákváðu þetta, pabbi og bræður hans. Bara í krafti þess að vera sterkari en systurnar þrjár.“

Kristján rak upp hlátur. Hann hafði verið orðinn svo heillaður af sögunni að hann var farinn að trúá því að gamla konan væri að segja sannleikann. En auðvitað gat það ekki verið. Guðir og skrímsli og risar og allt fyrir mörg þúsund árum! Aumingja gamla konan var auðvitað orðin elliaer og rugluð. Var hún það ekki örugglega?

Fjórði kafli

Reyndar virtist Aþena ekki hið minnsta rugluð þar sem hún sat við hlóðirnar og sagði sögu sína. Þvert á móti virtist hún eldskörp og með allt sitt á hreinu. Hún blikkaði örlítið til Kristjáns þegar hún hélt áfram frásögninni.

„Nú tóku við æsilegir dagar í veröldinni. Seifur og systkini hans voru eins og kálfar á vordegi þar sem þau skvettust um allan heim og lentu í ótal ævintýrum. Þau kölluðu sig ekki frammar titana eins og Krónus og systkini hans og afkomendur þeirra, heldur skyldu þau heita guðir. Hvar sem þau komu spruttu upp alls konar önnur goðmöggn í fótspor þeirra, stór og smá, þau eignuðust afkvæmni í hundraðatali, stundum hvert með öðru, stundum með öðrum goðmögnum og stundum jafnvel með dauðlegum verum og það var stanslaust fjör og mikið um að vera hjá þeim.

Það var um þetta leyti sem Seifur ákvað að setjast að á Ólympstindi,“ hélt Aþena áfram og leit til Bríetar sem hafði spurt um fjallið. „Ólympus er hæsta fjall í Grikklandi og þar leist Seifi vel á sig. Fjallið er nógu hátt til að þangað er enginn að þvælast að óþörfu og því er hægt að búa þar í næði en ekki nógu hátt til að þar sé snjór og ís. Þá hefði pabbi valið annan stað, því honum leiðist fátt meira en kuldi og krapí.“

„Hefði hann ekki bara getað breytt veðrinu þarna, ef það hefði verið of kalt?“ spurði Bríet. „Ég meina, fyrst hann var guð.“

„Enga hótmyndni, góða mín,“ sagði Aþena ögn pirruð, þótt Bríet hefði raunar alls ekki verið að reyna að vera myndin. „Við guðirnir erum ekkert almáttugir, þótt við séum kröftugir. Þessi hugmynd um almáttugan guð sem getur beinlínis allt, sú hugmynd er komin úr kristindómnum. En enginn getur alveg allt, ekki einu sinni pabbi þótt hann sé æðstur guða. Náttúran sjálf er öllu æðra, jafnvel okkur guðunum.“

Aþena tók sér málhvöld. Systkinin litu í kringum sig. Án þess að þau hefðu tekið eftir því hafði Ares komið út úr kofanum með gamlan eldhúskoll og hann stóð nú uppi á kollinum og var að blása ryki af styttubrotinu ofan á súlunni við dyrakarminn. Sterklegur kroppurinn bar þess nú greinileg merki að vera orðinn ansi gamall, því hann riðaði til á eldhúskollinum og virtist í þann veginn að detta, en hélt þó jafnvægi á endanum. Hann hafði bersýnilega furðu mikinn kraft í lungunum því rykmökkurinn stóð af brotinni styttni.

„Gott, Ares minn, gott,“ sagði Aþena og brosti. Gamli maðurinn stökk furðu liðlega niður af kollinum og kom svo þjótandi með drykkinn góða og bætti í glös krakkanna og Aþenu og lét sig loks hverfa inn í kofann aftur.

„Aumingja Ares,“ sagði Aþena. „Það sem við rifumst og börðumst í gamla daga, þegar hann var upp á sitt besta – eða öllu heldur, upp á sitt versta, því hann var svo sannarlega ekkert lamb að leika sér við. Alveg trylltur, liggur mér við að segja. Pabbi þoldi aldrei óstjórnleg lætin í honum. En núna er svona komið fyrir honum. Dustar ryk af gamalli styttni en kemur ekki að neinum notum í rifrildinu við ósvífna unga prestinn sem er að leggja undir sig þessa síðustu spildu okkar. Jahérna, það var öðruvísi í gamla daga, þá var nú völlum á okkur!“ Aþena hló en það var eftirsjá í svipnum. Svo ræskti hún sig og hélt áfram sögunni.

„Pabbi, já. Hann og Hera gengu í hjónaband og fóru að hlaða niður börnum og já, ég veit að þau voru systkini en svona var þetta sem sagt og gleymið ekki að þau voru guðir en ekki menn. En þótt þau eignuðust heilmarga króga og þar á meðal hann Ares minn, þá



kom nú fljótt í ljós að Seifur var ekki trygglyndur guð og hélt fram hjá konunni sinni. Heru varð meinilla við kvennafarið á honum og reiddist honum oft heiftarlega en hún fékk ekkert að gert. Þótt hún væri gyðja hjónabandsins var hennar eigið hjónaband stormasamt og oft óhamingjusamt. Hera varð meira að segja að sætta sig við að Seifur kæmi með suma krakkana sem hann eignaðist með öðrum konum upp á Ólympusfjall og heimtaði að Hera sæi um að ala þá upp. Og það má Hera eiga að hún tók við þeim flestum og reyndist þeim oftast vel. Eins og mér.“

Aþena leit glottandi á krakkana þar sem þau sátu við hlóðirnar.

„Já, ég er eitt af börnunum sem hann pabbi eignaðist utan hjónabands,“ sagði hún. „Og það var nú saga að segja frá því. Þið munið eftir henni Metis, títanynjunni sem hjálpaði Seifi að neyða Krónus til að kasta upp systkinum hans? Þau voru frændsystkin en það kom ekki í veg fyrir að Seifur liti Metis hýru auga, enda var hún bæði snjöll og fögur, það þótti enginn hennar jafnoki að speki og visku í þeim heimi sem pabbi og systkini hans voru nú að taka við. Svo Seifur lét heillast af Metis. En þá kom babb í bátinn. Gaía, amma hans, jörðin sjálf, var enn á sínum stað hvað sem leið brölti tíтана og guða. Gaía vissi lengra en nef hennar náði og þegar hún sá að Seifur var farinn að leggja lag sitt við Metis kom hún boðum til hans og varaði hann við. Ef hann héldi áfram að daðra við Metis mundi títanynjan fyrst eignast gríðarlega gáfaða og kröftuga dóttur en síðan jafnvel enn þá kröftugri son. Sonurinn yrði svo mikilfenglegur að hann myndi steypa Seifi af stóli, rétt eins og Seifur hafði steypt föður sínum.“

Þetta leist Seifi náttúrlega ekki á. Hann vissi að Gaía var ekki von að fara með fleipur og tók spádóminn þess vegna mjög hátíðlega. Þótt hann elskaði Metis varð hann að losa sig við hana strax svo engin hætta væri á að hann félli í freistni og eignaðist þennan ógnvekjandi son með henni. Og Seifur, ja svei því alla daga, ég segi nú ekki meir,“ og það voru næstum tár í augum Aþenu, „ópokkinn hann pabbi gabbaði Metis einn góðan veðurdag ansi illilega. Hann

stakk upp á að prófa hvort þau gætu breytt sér í alls konar dýr, bæði stór og smá, og Metis átti sér einskis ills von. Gleðin yfir að vera með Seifi blindaði hana, hún sá ekki að illt bjó undir. Fyrr en varði höfðu þau Seifur bæði breytt sér í margs konar dýr, og mátti ekki á milli sjá hvort þeirra væri flinkara. Að lokum manaði pabbi hana til að breyta sér í örlytla flugu. Þá var Metis orðin kappsöm og umbreyttist í venjulega húsflugu sem sveimaði sigri hrósandi kringum Seif. Þá var tilgangi hans náð, hann var snöggur til, glennti upp kjaftinn og gleypti fluguna. Inni í skrokki Seifs voru Metis flestar bjargir bannaðar. Hún gat ekki breytt sér í fyrra form. Og Seifur andaði léttar því sonurinn sterki myndi aldrei fæðast.“ Aþena gnísti tönnum.

„En hann varaði sig ekki á einu,“ sagði hún. „Metis var þegar orðin barnshafandi þegar Seifur gleypti hana. Dóttirin knáa var orðin til í kviði hennar. Metis var staðráðin í að lifa nógu lengi í iðrum Seifs til að koma dóttur sinni í heiminn. Svo fyrr en varði fer Seifur að verða var við alls konar ónot í skrokknum. Þar var hin vitra Metis æðandi um að smíða handa væntanlegri dóttur sinni bæði vandaða skikkju og bryngljáandi orrustuhjál. Það yrði áreiðanlega ekki vanþörf á slíkum hjálmi fyrir stelpuna, eins varasamur og heimurinn var. Þannig hugsaði aumingja mamma.“

„Mamma?“ sögðu bæði Bríet og Kristján í kór. „Var Metis mamma þín?“

„Auðvitað,“ sagði Aþena. Hún hnyklaði brúnir. „Vitið þið alls ekki neitt? Er ykkur ekkert kennt í þessum skólum ykkar þarna á Íslandi?“

Hm, hugsaði Bríet. Hvernig veit hún að við erum frá Íslandi? Höfum við eitthvað sagt henni það? Ekki minntist hún þess. En hún fékk ekki tóm til að spyrja, því Aþena hélt áfram sögu sinni.

„Já, þarna var ég á leið í heiminn. Veslings móðir mín neytti síðustu krafta sinna í flugulíki þar sem hún sveimaði um æðar Seifs til að búa mig eins vel undir lífið og mögulegt var. Ónot Seifs færðust sífellt í aukana og loks kom að því að ég fæddist. Einn góðan veðurdag fékk Seifur aldeilis skelfilegan höfuðverk, svo ógurlegan að hann var bókstaflega alveg að tryllast. Hann lagðist niður á bökkum



stöðuvatns í Norður-Afríku, emjaði og gólaði og bað um hjálp. Engar höfuðverkjartöflur voru þá komnar til sögu og verkurinn var svo sár að þær hefðu heldur ekki komið að neinu gagni. Þá aumkaði Hera á Ólympstindi sig yfir villuráfandi eiginmann sinn og sendi son þeirra Hefaístos til að reyna að líkna föður sínum.“

„Var hann læknaguð?“ spurði Kristján. Þá hló Aþena.

„Onei,“ sagði hún. „Margt má um hann Hefaístos segja en læknir er hann ekki. Hann er eldsmiður og gekk til verka með flugbeitta tvíhausa öxi sem hann hafði nýlega smíðað. Læknisdómur hans fólst í því að höggva með öxinni beint í höfuð föður síns og reyna þannig að losa hann við verkinn.“

Aþena hallaði undir flatt.

„Og það tókst,“ hélt hún áfram. „Um leið og öxin snerti höfuð Seifs braust ég þar út, í kuflinum og með hjálminn sem mamma hafði smíðað, og þar á ofan skjöld og spjót sem hún hafði líka náð að smíða. Ég man þetta eins og það hefði gerst í gær. Ég var fullvaxta og ég rak upp til himins eins hátt stríðsöskur og ég mögulega gat. Það frétti ég seinna hjá Gaíu langömmu minni að stríðsópíð hefði heyrst um alla veröld og sjálf hefði hún skolfið, svo kraftmikið var hrópið. Enda lagði ég í það alla mína sorg út af aumingja mömmu og alla mína staðfestu um að ég skyldi vera hennar verðug.“

„Dó hún?“ spurði Kristján og var næstum kominn með tár í augun.

„Já,“ sagði Aþena hljóðlega. „Þegar ég braust úr kviði hennar innra með Seifi, þá dó hún. Það var nú ein syndin sem Seifur ber ábyrgð á. Öll viskan hennar mömmu hvarf úr heiminum og hann var svo miklu heimskari eftir. Hefði þó svo sannarlega oft verið þörf á þeirri djúpu speki sem mamma bjó yfir. En um það þýðir ekki að fást héðan af.“





Fimmti kafli

„Fyrirgefðu,“ áræddi Bríet að grípa fram í. „Ekki gerðist þetta svona í alvörunni? Þegar þú fæddist.“

„Í alvörunni?“ át Aþena eftir henni. „Auðvitað gerðist það í alvörunni. Er ég ekki hér fyrir framan þig?“

„Það vita allir að börn fæðast ekkert svona,“ sagði Bríet. „Þau koma úr maganum á mömmu sinni. Ekkert út úr höfðinu á pabba sínum.“

Aþena hnyklaði brúnir.

„Í fyrsta lagi hafði ég vissulega fæðst úr kviði móður minnar, þótt það gerðist inni í líkama Seifs og mamma væri þá í líki lítillar flugu. Í öðru lagi er ekkert sem segir að afkvæmi eigi endilega að fæðast úr kviði móður sinnar, þótt það sé alsíða hjá ykkur mönnunum og fleiri dýrum. Við guðirnir getum haft þetta meira og minna eins og okkur sýnist. Eða gátum í þá daga, meðan við höfðum enn þá einhvern almennilegan kraft og prestakvikindin voru ekki búin að vængstýfa okkur!“

Aftur brá skugga fyrir andlit Aþenu. Svo brosti hún á ný.

„Þannig kom ég í heiminn. Og ekki orð um það meir. Pabbi var fljótur að jafna sig eftir axarhögg Hefaístosar og það var varla ör að sjá á höfðinu á honum eftir aðfarirnar. Ég varð strax staðráðin í að halda uppi merki mömmu með því reyna að vera eins vitur og hún en ég er smeyk um að ég hafi ekki náð að komast í hálfkvisti við hana. En samt hef ég nú verið kölluð viskugyðja eins og mamma.“

Stoltið var augljóst í andliti gömlu konunnar.

„Varstu ekki reið út í pabba þinn?“ spurði Kristján. Aþena yppti öxlum.

„Jú, auðvitað var ég það. En það var ekkert sem ég gat gert í málinu. Seifur er líka magnaður karl og erfitt að vera mjög reið út í hann




mjög lengi. Eftir að hafa sett nokkrar dísir í að annast mig þarna við stöðuvatnið sótti hann mig og bauð mér til vistar á Ólympusfjalli og það var ekki um annað að gera en þiggja það. Hera blessunin tók mér bara vel. Sjálfsagt hefur hún átt í einhverjum ástarævintýrum sjálf, þótt hún gerði það ekki með sama fyrirganginum og pabbi. Það var mikið fjör og mikið gaman á Ólympstindi þegar best lét, við vorum tólf sem bjuggum þar að staðaldri, pabbi og systkini hans nema Hades og þarna voru systkini mín Afrodíta, Artemis og Appolló og hinn fagri bróðir minn Diónýsus, auk Aesar og Hefaístosar og Hermesar. Á fjallinu var líka mikill gestagangur og sífellt eitthvað á seyði. En þegar ég hafði búið á Ólympstindi í þó nokkurn tíma, þá steðjaði að okkur guðunum sú mesta hætta sem við höfðum nokkru sinni staðið frammi fyrir. Og um tíma var ekki útséð um hvernig það myndi enda.“

Apena horfði í eldinn meðan hún sagði krökkunum þessa sögu. Það var eins og stundum færi hrollur um hana við minninguna.




„Nú kom í ljós,“ sagði hún, „ að þótt Krónus faðir Seifs hefði verið kveðinn í kútinn, þá var hann alls ekki dauður úr öllum æðum. Hann hafði látið lítið fyrir sér fara síðan hann gafst upp fyrir syni sínum og játaði yfirráð hans yfir heiminum en í reynd hafði hann allan tímann verið að brugga syninum launráð. Hann hafði farið milli títananna systkina sinna og barna þeirra og rægt Seif óspart og spurt títanana hvort þeir ætluðu virkilega að láta sér lynda að vera nú orðnir valdalausir í veröld sem var orðin leiksvæði Seifs og systkina hans. Títanirnir reyndust alls ekki sáttir við sitt hlutskipti. Flestallir þeirra lofuðu að styðja Krónus ef hann gerði uppreisn gegn Seifi syni sínum. Aðeins sárafáir títanar neituðu taka þátt. Einn þeirra var Prómeþeifur, hann var sonur eins af bræðrum Krónusar og einnar af systurum hans líka, þótt óvíst sé hver þeirra það var. Það var allt svo leyndardómsfullt í sambandi við hann Prómeþeif frænda minn. Hins vegar varð bróðir Prómeþeifs aðal herforingi Krónusar í stríðinu sem nú hófst milli tíтана og guða. Sá hét Atlas. Hann var svo sterkur



og hraustur að jafnvel Seifur mátti vara sig. Seifi tókst mjög naumlega að verjast áhlaupi Atlasar á sjálft Ólympusfjall. Síðan bjuggu Atlas og Krónus um sig á Opþrysfjalli einum 130 kílómetrum suður af Ólympstindi og þaðan köstuðu titanar gríðarmiklum björgum í átt að bústað Seifs og hinna guðanna. Seifur og systkini hans, börn og aðrir fylgifiskar, svöruðu í sömu mynt. Þannig geisaði stríð titana og guða í tíu ár og tröllaukin björg og klettar æddu um loftið yfir Þessalíuhéraði í Grikklandi sem liggur milli fjallanna tveggja. Það er engin smávegalengd sem þessum björgum var þeytt meðan loftárásirnar stóðu yfir, því fjarlægðin er svipuð og bein loftlína milli Reykjavíkur og Staðaskála í Hrútafirði, eða þá frá Reykjavík og austur á Skógafoss.“

Bríet og Kristján litu hvort á annað. Hvernig stóð á því að þessi gamla kona á lítilli grískri eyju var allt í einu orðin sérfræðingur í vegalengdum á Íslandi?! En Aþena gaf þeim ekkert færi á að spyrja. Hún hélt hiklaust áfram frásögninni.



„Lengi vel mátti ekki á milli sjá hvort títanar eða guðir yrðu ofan á. Eftir áratug voru allir farnir að þreytast á þessu skelfilega stríði en hvorugir vildu þó gefast upp og ekki kom til mála að semja um frið. Hvorki Krónus né Seifur vildu láta í minni pokann. Þið haldið sjálfsagt að stríð mannanna hafi í för með sér mikla eyðileggingu og auðn. Ojújú. En það er samt barnaleikur miðað við þá gereyðingu sem fylgdi þessu langa stríði. Þessu varð að ljúka. En hvernig? Við Ares lögðum okkur öll fram, hann með sínum djöfulmóð sem einkenndi hann í þá daga og ég með allri þeirri stríðskaensku sem viska minnar góðu móður blés mér í brjóst. Allt kom samt fyrir ekki. Ares réði ekki við heljarmátt Atlasar og kænsla mín dugði heldur ekki, þótt skömm sé frá að segja. Risarnir, sem höfðu spröttið upp af blóði Úranusar á sínum tíma voru í liði með okkur og börðust alltaf af ofsa og grimmd en jafnvel liðveisla þeirra dugði ekki. Loksins var meira að segja farið að draga af pabba og á herráðsfundi á Ólympusfjalli gerðist hið ótrúlega: hann sagðist helst vera að hugsa um að gefast upp. Við göptum. Seifur að gefast upp? Þessi mikli guð, þessi ófriðsæla en heillandi persóna, sem alltaf var sigurviss og bar með sér öryggið uppmálað – hann var þá að hugsa um að gefast upp! Hann hafði undanfarið verið að bræða með sér hvort hann ætti að gera Krónusi það tilboð að þeir legðu báðir niður vopn í þessu ömurlega stríði og settust í helgan stein en sættust á að Diónýsos bróðir minn yrði æðsti guð í staðinn.

Nú urðum við hissa. Diónýsos var vissulega vænn piltur. Hann var að vísu ekki allur þar sem hann var séður og það bjó í honum innibyrgd ólga en hann hafði fram að þessu ekki sýnt neina sérstaka forystuhæfileika og satt að segja ekki komið að miklu gagni í stríðinu við tíтана. Hann lét okkur um að reka það stríð. Það var því verulega óvænt hugmynd að hann ætti að taka við. Enda sá ég að bræður mínir, einkum hinn lokkaprúði Appolló og vöðvafjallið Ares urðu ansi svartir í framan, þeim gramdist augsýnilega að pabba skyldi ekki hafa dottið í hug að láta þá taka við stjórninni. Ég vissi líka ósköp vel að sjálf yrði ég miklu hæfari yfirguð en Diónýsos þótt

ég vonaði að það sæist ekki svona greinilega framan í mér. Þó ekki væri annað, þá var Diónýsos sonur dauðlegrar konu en hvorki af guðaættum né tíтана, þótt pabbi hefði dubbað hann upp í alvöru-
guð þegar hann fæddist. Ég vissi vel að þótt svo ólíklega myndi fara að þeir Krónus og Atlas féllust á þessa tilhögun og viðurkenndu Diónýsos sem nýjan æðstaguð í stað Seifs, þá myndu bræður mínir og jafnvel ég sjálf aldrei geta þolað það til lengdar. Diónýsos var alltof drykkfelldur til að geta farið með stjórn í heiminum. Allsgáður var hann ágætur og oft bæði heillandi og skemmtilegur en undir áhrifum var hann óútreiknalegur og gat tekið upp á hverju sem var. Ég gat ekki einu sinni ímyndað mér hvernig sá heimur myndi líta út sem Diónýsos stjórnaði. Það yrði ansi rugluð veröld. Ég sá þess vegna að ég yrði að gera eitthvað.

„Pabbi,“ sagði ég. „Ég hef ráð.“

„Nú?“ ansaði pabbi og leit á mig. Sama gerðu allir aðrir á herráðs-fundinum, nema helst Diónýsos sem virtist satt að segja ekki alveg með nótunum. Kannski var hann svona undrandi og ringlaður yfir uppástungu pabba, kannski var hann þegar byrjaður að fá sér vinsopa þótt Helíos sólarguð væri enn ekki kominn í hádegisstað á vagni sínum.

„Já, pabbi,“ hélt ég áfram, og setti nú í röddina eins mikinn sannfæringarkraft og mér var unnt: „Þú verður að fara niður í Tartarus og fá hjálp hjá risunum hundraðhentu og kýklópunum eineygðu.“

„Það er óhætt segja,“ sagði Aþena, „að nú hefði mátt heyra saumnál detta, ef saumnál hefði þá verið til á Ólympstindi. En svona hissa voru þau öll. Eftir að Seifur tók völdin af Krónusi hafði ekki einu sinni hvarflað að honum að láta kýklópana og hundraðhentu risana lausa úr þrísund sinni í hinum djúpu undirheimum Tartarusar. Þeir voru þvílík tröll allir saman og ógnarsterkir en frekar lítið í heilabúinu, svo pabbi hafði alls ekki talið óhætt að sleppa þeim lausum. En nú þóttist ég sjá í hendi mér að þeir væru síðasta von okkar í þessu endalausá stríði við títanana.“

Sjötti kafli

„Það má pabbi eiga að hann gat verið fljótur að hugsa,“ hélt Aþena áfram. Hann skildi strax að þetta var góð hugmynd, þótt hún væri ekki komin frá honum sjálfum. Og hann fór á fund Gaíu. Hún hafði reynt að taka ekki afstöðu í þessu langvinna stríði milli afkomenda sinna og hún vildi helst ekki gera upp á milli þeirra. En hún féllst á þetta ráð og hjálpaði Seifi að finna leið niður í undirdjúp Tartarusar. Þar drap hann eftir blóðuga viðureign ægilegan sporðdreka, sem Krónus hafði fyrir löngu sett til að gæta fanganna í þessari dýpstu dýflissu sem til var. Hann sleppti risunum hundraðhentu gegn því að þeir legðu sér lið í stríðinu og það var nú heldur betur sjón að sjá þegar þessi finngálkn komu hér til liðs við okkur á Ólympusfjalli. Þeir rifu upp heilu fjöllin í nágrenninu og þrumuðu þeim fyrirhafnarlaust yfir á Opþrysfjall svo títanar áttu fótum fjör að launa. Kýklóparnir voru jafnvel hjálplegri en þessir kraftakarlar. Þeir höfðu notað tímann meðan þeir voru læstir niðri í undirdjúpunum í óratíma til að verða svo góðir smíðir að þeirra líkar hafa engir verið í heiminum síðan, ekki einu sinni nú á tímum þegar menn þykjast kunna að byggja geimstöðvar og ég veit ekki hvað. Kýklóparnir hefðu áreiðanlega getað byggt geimstöð á augabragði, bara ef einhver hefði beðið þá um það. Nú smíðuðu þeir fyrir Seif eldingar og þrumufleyga, sem æ síðan voru hans helsta vopn. Þeir smíðuðu þrífork Póseidons sem sjávarguðinn frændi minn skildi síðan aldrei við sig og huliðshjálm Hadesar, svo hann gat síðan smogið um allt ósýnilegur. Nú skipuðust veðrin skjótt í lofti. Allt í einu vorum við guðirnir komnir í stórsókn og títanar urðu að láta undan síga á öllum vígstöðvum. Þeir urðu að flýja Opþrysfjall undan tröllslegum sendingum risanna hundraðhentu og þrumufleygum Seifs og brátt voru þeir hvarvetna á flóttu. Þá gerðist hið ótrúlega að einn þrumufleygur Seifs steindrap einn bræðra Atlasar sem var í liði títanna. Hann hét Menötíus og hafði ætt fram til varnar, viss um að hann stæði öllum frammar að hreysti.



En hætti sér allt of nálægt reiði Seifs, svo hann fuðraði upp þegar eldingaleiftrið hitti hann. Nú er það svo að þótt hægt sé að meiða okkur guðina, lemstra okkur og fangelsa, þá erum við í rauninni ódauðleg, og sama var að segja um tíтана. Það var því hin endanlega sönnun þess hve dramb er hættulegt að Menötíus skyldi þannig steindrepast. Það var mikið áfall fyrir Atlas bróður hans. Það má Atlas eiga að aldrei sýndi hann meiri hreysti eða dirfsku en á þessum tíma þegar ósigurinn blasti við. Hann barðist eins og innikróað ljón og oftár en einu sinni var ég farin að halda að honum tækist upp á sitt eindæmi að snúa stríðinu við. En það varð nú ekki. Hver af öðrum gáfust títanarnir upp. Krónus var tekinn höndum af Appolló þar sem hann hafði falið sig í lágvöxnu kjarri suður á Pelópsskaga og að lokum var Atlas sjálfur yfirbugaður á flóttu. Allar lifandi verur vörpuðu öndinni léttar þegar þessu skelfilega stríði lauk. Ég held að meira að segja að títanarnir hafi verið fegnir en reyndar sýndi þabbi þeim nú ekki mikla miskunn. Hvers vegna hefði hann svo sem átt að gera það? Þeir báru ábyrgð á voðalegu stríði í áratug. Allir títanarnir sem tekið höfðu þátt í stríðinu voru reknir í einni halarófu niður í dimman helli og þaðan fylgt af risunum hundraðhentu alla leið niður í hinn dimma Tartarus. Þar hafa þeir mátt dúsa síðan, Krónus og allur hans ættbogi nema Prómeþeifur og þeir fáu títanar aðrir sem höfðu neitað að ganga í lið Atlasar. Risarnir hundraðhentu gæta nú tíтана niðri í Tartarus. Þeir kunnu ekki betur við sig uppi á yfirborðinu en svo að Seifi veittist létt að sannfæra þá um að gerast fangaverðir niðri í Tartarus þar sem þeir höfðu sjálfir verið fangar. Fegin var ég að losna við að horfa upp á þessi skringilegu tröll bramboltast um heiminn, þó vissulega hafi þeir komið að góðu gagni í títanastríðinu. Aðeins einn títan slapp við hina dauðu vist niðri í Tartarus en það var Atlas sjálfur.

Seifur vissi að það var sök Atlasar hversu hætt guðirnir höfðu verið komnir í stríðinu og því vildi hann leggja sérstaka refsingu á þennan hættulegasta hershöfðingja Krónusar. Þegar mest gekk á hafði skothríðin með klettabjörgum og heilu fjöllunum laskað

himinninn yfir jörðinni. Seifur óttaðist að hann gæti hrunið á hverri stundu. Til að tryggja að himinninn hryndi ekki yfir jörðina dæmdi Seifur Atlas til að standa vestast í Norður-Afríku og halda honum uppi á sínum breiðu öxlum. Það er mikil byrði en svo sterkur er Atlas að himinninn hangir enn uppi. Annars værum við varla hér.



Það var reyndar enn ekki öllu lokið,“ hélt Aþena áfram. „Gaía átti erfitt með að fyrirgefa Seifi meðferðina á titönunum og til að hefna þess eignaðist hún með Tartarusi hræðilegasta skrímsli allra alda. Það var Týfon, ógnarstór og ægilegur snákur með hundrað eldspúandi og fnæsandi höfuð, sem nú skreið upp úr jörðinni og upp á Ólympusfjall til að drepa Seif. Honum tókst eftir mikla baráttu að sigrast á Týfoni með þrumufleygum sínum og gróf hann undir eldfjallinu Etnu á Sikiley. Þegar gýs í Etnu, þá er Týfon að reyna að losa sig. Áður en Týfon var sigraður vannst honum samt tími til að eignast óteljandi ægileg skrímsli sem hann sleppti lausum í veröldinni en ég ætla nú ekkert að lýsa þeim fyrir ykkur. Það myndi duga til að þið fengjuð martraðir það sem eftir væri ævinnar.“

Aþena skellti í góm.

„Jæja, er þetta ekki orðið ágætt?“ sagði hún. „Þið eruð sjálfsagt orðin bæði þreytt og svöng, búin að hlusta svo lengi á masið í mér.“

„Ég vil endilega heyra meira,“ sagði Bríet. „Mér finnst þetta frá-
bærar sögur.“

„Sögur? Þetta er bara sannleikurinn, góða mín,“ sagði Aþena og lést vera ströng á svipinn en glotti þó út í annað.

„Ég er samt svolítið svangur,“ sagði Kristján.

Aþena leit við.

„Ares!“ hrópaði hún. Hún hafði varla sleppt orðinu þegar Ares rak höfuðið út um kofadyrnar, eins og hann hefði beðið tilbúinn í gættinni. „Farðu nú og finndu okkur eitthvað að borða, Ares minn,“ hélt Aþena áfram. „Þú ert svo lunkinn við það.“

Ares brosti út að eyrum og kinkaði kalli. Hann kastaði sér á hendurnar og fór svo á handahlaupum út úr rjóðrinu umhverfis kofann. Eins og hendi væri veifað var hann horfinn.

„Hann finnur eitthvað,“ sagði Aþena. „En hvað viljið þið vita meira meðan við bíðum?“

„Hvenær komu mennirnir til sögunnar?“ spurði Bríet.

„Já, hvenær birtust eiginlega Adam og Eva?“ bætti Kristján við.

Aþena varð ströng á svip.

„Adam og Eva hafa aldrei verið til,“ sagði hún. „Þau eru úr Biblíu-sögunum ykkar og ég hef aðra sögu að segja.

Kristján og Bríet voru ekki viss hvað strangur svipur Aþenu þýddi en svo brosti hún skyndilega út að eyrum.

„Jæja, ég skal segja ykkur frá mönnunum, frá því hvernig þið komuð til. Ég ætti nú að vita það,“ og það kumraði í Aþenu við þessi orð. „Það var nú svo að það var enginn annar en títaninn Prómeþeifur sem skapaði manninn, sá sem hafði vit á að ganga ekki í lið Atlasar bróður síns í títanastríðinu. Hann var bragðarefur, uppátækjasamur og sniðugur. Einhvern tíma þegar við guðirnir vorum að skemmta okkur á árbakka við að skapa alls konar dýr og kvikindi, þá var Prómeþeifur með okkur og einnig bróðir Prómeþeifs sem hét Epímeþeus. Hann var hálfgerður bjáni, verð ég að segja. En Prómeþeifi datt þá í hug að skapa veru í mynd guðanna og mótaði mann úr blautum leir. Guðunum leist nokkuð vel á og sjálfri fannst mér þetta bráðsniðugt uppátæki. Svo án þess að hugsá mig að ráði um, beygði ég mig niður að leirkallinum sem Prómeþeifur hafði mótað og blés í hann lífi. Það fóru um hann kippir og hann opnaði augun og horfði rannsakandi upp á móti mér. Þar með var hinn fyrsti maður orðinn til.“

Aþena hló að minningunni og leit á þau systkinin sem sátu opinmynnt fyrir framan hana.

„Þannig urðuð þið nú til, greyin mín. Úr blautum leir. Og lífsandinn er frá mér kominn!“

Bríet og Kristján vissu ekki hvað þau áttu að segja. Margt hafði gamla konan sagt furðulegt en þetta var eiginlega einum of. Þau voru hreinlega orðlaus. Gamla konan sem sat fyrir framan þau var að enda við að fullyrða að hún hefði kveikt lífið í fyrsta manninum. Allt í einu lá við að Kristján skellti upp úr.

„Eee,“ sagði Bríet fljótmaelt þegar hún heyrði hvað Kristján átti erfitt með sig. „Var það sem sagt Adam?“

Nú varð Aþena vandræðaleg á svipinn.

„Ég verð víst að viðurkenna,“ sagði hún að við gleymdum hreinlega að gefa honum nafn. En Adam hét hann ekki. Við kölluðum hann bara manninn. Og við vissum ekki almennilega til hvers var hægt að nota hann. Epímeþeus hafði haft það hlutverk að útdeila úr skjóðu alls konar eiginleikum til dýranna sem við vorum að búa til þarna á árbakkanum. Hann steig ekki alltaf í vitið og nú hafði hann ekki gætt sín nógu vel og eytt hæfileikum og eiginleikum í hugsunarleysi til alls konar kvikinda. Þegar hann kom að manninum var skjóðan hans því tóm. Ekkert var eftir fyrir manninn. Þá reiddist Prómeþeifur bróður sínum, og laumaði sjálfur þeirri hugsun til mannsins að hann skyldi standa upp- réttur. Og maðurinn stökk á fætur, leit í kringum sig og sá að það var margt hægt að starfa í þessum heimi. Svo hann tók til óspilltra málanna, reyndist bæði vinnusamur og duglegur. Prómeþeifur gaf honum líka eldinn, svo hann gæti eldað sér mat og yljað sér við svona eldstó eins og við sitjum við. Prómeþeifur kenndi manninum líka að smíða sér verkfæri úr járni. Til að byrja með voru mennirnir bara karlmenn. Þeir voru dyggðugir, vinnusamir og friðsamir. Þeir þurftu ekki að strita mikið og lifðu þægilegu lífi. Þeir þekktu heldur ekki stríð eða sjúkdóma, ofbeldi eða deilur. Þessi tími var seinna kallaður „gullöld“ mannsins en ég verð að viðurkenna að mér fannst þessir karlar allir heldur leiðinlegir. Prómeþeifur var hins vegar alltaf jafn ánægður með þá.“



Sjöundi kafli

„Svo kom að því að Seifi fannst að hann ætti að græða eitthvað á þessu mannkyni og þá ákvað hann að eftirleiðis yrðu mennirnir að færa sér fórnir af veiðibrað sinni eða kvikfénaði. Þá kom skömmin hann Prómeþeifur aftur til skjalanna og gabbaði Seif. Hann lét manninn búa til tvo hauga með fórnarketi. Í öðrum voru fínustu kjötbitarnir en yfir þá lagði maðurinn heldur óhrjálega húð. Í hinum voru ekkert nema bein en hulin ljómandi girnilegri fitu. Nú bað Prómeþeifur Seif að velja hvorn hauginn hann vildi heldur sem fórn frá manninum. Þótt pabbi væri æðstur guða og eldklár svona yfirleitt, gat hann verið svolítið fljótfer og nú valdi hann umhugsunarlaust hauginn með girnilegu fitunni því hann grunaði ekki að í honum væru aðallega bein. Þar með komst maðurinn framvegis upp með að færa Seifi aðallega fitu og bein að fórn en fékk sjálfur að háma í sig bestu bitana. Þessu reiddist Seifur og ákvað að refsa manninum. Hann tók af honum eldinn, svo hann gæti ekki steikt sér kjötbitana góðu, sem Seifur var fúll yfir að fá ekki að njóta.

Þetta gramdist Prómeþeifi og hann arkaði inn á verkstæði Hefaístosar smíðaguðs á Ólympusfjalli, rak kyndil í eldstóna og gekk svo burt með kyndilinn þegar hann var farinn að loga og létti ekki fyrr en hann var kominn til mannanna og afhenti þeim eldinn að nýju.

Núna varð pabbi alveg fjúkandi brjáláður. Enginn skyldi dirfast að ganga gegn hans vilja ekki einu sinni, heldur tvisvar. Fyrst fékk hann Hefaístos son sinn til að klastra saman úr mold og vatni nýrri mannveru, sem hann ætlaði að nota til að refsa manninum með. Þetta var konan. Hún varð sannkallað meistarastykki. Hefaístos kallaði á okkur hina guðina á Ólympstindi til að gefa henni ýmsar gjafir og gæða hana alls konar eiginleikum, sem allir áttu þó að vera til ills, því konunni var ætlað að vera manninum ægileg refsing. Ástargyðjan Afródíta systir mín gaf henni fádæma fegurð á ytra byrði en Hermes

sendiguð gaf henni skammarlegan og svikulan huga og lygatungu. Og þannig koll af kolli. Sjálf gaf ég henni dýrindis klæði, slopp með silfurþráðum, útsaumaða slæðu, og fagursmíðaða silfurkórónu.

Ó, hvað hún leit glæsilega út þegar hún var fullbúin! Henni var gefið nafnið Pandóra, sem þýðir Algjöf, því allir Ólympusguðirnir höfðu gefið henni gjöf. Að síðustu fékk hún í hendur krukku með loki og í hana höfðu Seifur og strákarnir hans troðið öllum helstu tegundum ógæfu sem þeir gátu látið sér detta í hug – þar voru far-sóttir, stríð, rifrildi, hatur, öfund, hungur, neyð, allt það illa sem þeir gátu látið sér detta í hug. Hermes fór svo niður af Ólympusfjalli með Pandóru og krukkuna hennar og leitaði uppi kjánann Epímeþeus. Prómeþeifur hafði nefnilega falið honum að gæta mannsins meðan hann sjálfur brá sér frá. Epímeþeus var ekki alveg með á nótunum eins og oft áður. Þegar Hermes birtist með þennan fagra kvenmann Pandóru og sagði þetta vera gjöf til mannsins, varaði Epímeþeus sig ekki og þáði gjöfina.

Maðurinn kom þá askvaðandi að skoða Pandóru og hreifst náttúrulega af henni án þess að átta sig á að hún var flagð undir fögru skinni. Fljótlega byrjaði Pandóra að sá í kringum sig óhamingju og deilum. Svo slysaðist maðurinn til að opna krukkuna hennar og þá fyrst varð fjandinn laus, öll ógæfan slapp út og fór að herja á manninn og hefur gert það síðan.

Þegar maðurinn sá hvað var að gerast ætlaði hann að skella lokinu aftur á krukkuna og loka þessar pestir inni. En hann varð of seinn og það eina sem eftir var í krukkunni þegar hann náði að loka henni var vonin. Hana hafði ég sjálf sett neðst í krukkuna af einskærri vorkunnsemi svo manngreyið ætti nú einhverja von í öllum sínum hörmungum. Nú var hann sem sagt sviptur henni líka!“

Aþena horfði grimmilega á Bríeti og Kristján. Þau komu ekki upp orði. Var hlutskipti mannsins virkilega alveg vonlaust? En svo skellti hún allt í einu upp úr. Hún sló sér á lær og skellihló góða stund og ætlaði aldrei að geta hætt.

„Þú varst bara að gabba okkur, er það ekki?“ áræddi Kristján loks að spyrja.



„Við eigum einhverja von, sem sagt?“ bætti Bríet við.

Aþena bældi loks niður hláturinn.

„Við skulum segja að það sé að minnsta kosti ekki alveg vonlaust,“ sagði hún brosandi. „En gabba ykkur, nei, ég viðurkenni það nú seint, ég er viskugyðjan og hlýt alltaf að segja sannleikann.“

Svo ætlaði hún að fara að hlæja aftur. Bríet greip fram í:

„Að konan hafi verið sköpuð sem refsing fyrir karlmanninn, það er samt bull, er það ekki?“

„Auðvitað,“ sagði Kristján ákveðinn.

Aþena brosti hlýlega til þeirra.

„Þið þurfið ekkert að trúá því frekar en þið viljið,“ sagði hún.

„En svona man ég þetta – að minnsta kosti stundum!“

Og hún dró augað í pung og glotti.

„Reyndar þurfti maðurinn að þola fleiri refsingar en Pandóru og krukkuna hennar. Nú fjölgaði mannkyninu auðvitað gríðarlega, þegar konur voru komnar til sögunnar. Mennirnir gerðust spilltir og óráðvandar, svo Seifur varð þreyttur á öllu saman og vildi losna við mannkynið eins og það lagði sig. Hann ákvað þess vegna að drekkja hverjum einasta manni í steypiregni.“

„Hei,“ kallaði Kristján fram í. „Það er þá eins og Nóaflóðið í Biblíunni.“

„Já,“ bætti Bríet við. „Guð Biblíunnar ætlaði að drekkja öllum en Nói og fjölskylda hans björguðust í örkinni og öll dýrin.“

„Ég hef heyrt þá sögu,“ sagði Aþena stuttaralega. „Hún er útúr-snúningur af því sem gerðist í raun og veru.“

Auðvitað hefði til dæmis aldrei hvarflað að Seifi að drekkja öllum dýrum í heimi, bara af því hann ætlaði að losna við mennina. Þegar byrjaði að rigna sluppu þau upp til fjalla en maðurinn var í stórhættu niðri á jafnsléttu. Þá kom Prómeþeifur mönnunum aftur til bjargar. Ykkur að segja hafði Prómeþeifur eignast son með dauðlegri konu og hann vildi auðvitað ekki að sonur hans drukknaði. Sonurinn hét Devkalíon og það vildi svo til að hann var nýbúinn að eignast kærustu sem hét Pyrrha en hún var hvorki meira né minna en dóttir

kjánans Epímepeusar og Pandóru. Nú kom Prómepeifur á fund Devkalíons og Pyrrhu og sagði þeim á hverju væri von. Hann ráðlagði þeim að smíða sér stóran fleka og hafa til reiðu þegar byrjaði að rigna. Það gekk allt eftir sem Prómepeifur spáði og í níu daga og níu nætur héngu Devkalíon og Pyrrha á fleka sínum í steypiregni og stórsjó og höfðu illa vist. En svo hætti að rigna og hafið stilltist og að lokum strandaði fleki skötuhjúanna á Parnassos-fjalli í miðju Grikklandi. Prómepeifur kom þá með eldinn eina ferðina enn. Og svo leið ekki á löngu þar til mannkyninu fór að fjölga á ný. Dekavlíon og Pyrrha sáu um það.“

Aþena dæsti.

„Pabbi lét sér lynda að Prómepeifur hefði bjargað mannkyninu. Hann gerði ekki frekari tilraunir til að útrýma því. Hins vegar var hann búinn að fá alveg nóg af óhlýðni Prómepeifs við sig. Hann var handsamaður af útsendurum Seifs fyrir að hafa látið manninn enn einu sinni fá eldinn. Hann var hlekkjaður niður uppi á fjallstindi í Kákasusfjöllum og þar kroppaði heljarmikill örn daglangt í lifrina á honum, svo auðvitað kvaldist Prómepeifur heilmikið. Lifrin óx aftur



á nóttunni, því Prómeifeitur var auðvitað ódauðlegur þar sem hann var einn af titönunum og þannig héldu þessar pínningar á Prómeifeifi áfram. Hann gat verið ansi grimmur og refsiglaður, hann pabbi, það verð ég að viðurkenna. Flestum okkar á Ólympusfjalli blöskraði þessi refsing, því við gátum ómögulega séð að það væri mikið athugavert við að kenna manngreyinu að fara með eld, úr því hann var kominn til sögunnar á annað borð en svona vildi Seifur hafa það og honum varð ekki þokað. Sjálfur sagði Prómeifeitur reyndar að hann hefði ekki bara fært manningnum eldinn, heldur líka kennt honum lestur og skrift, vísindi og læknisfræði, listir og landbúnað, stærðfræði og fagar listir. Allt þetta gæti maðurinn þakkað honum. Hugsid ykkur hvað annars væri fátæklegt hjá ykkur, hróin mín.“ Og Aþena brosti breitt til syskinanna.

„Heldur betur,“ sagði Bríet.

„Ætli hann hafi þá fært okkur tölvuleiki líka?“ spurði Kristján.

„Ja, alla vega hugmyndaflugið til að búa þá til,“ svaraði Aþena og blikkaði til Kristjáns. „Þeir byggja á alls konar listum og vísindum, skilst mér, þótt ég hafi nú aldrei á ævinni spilað tölvuleik og geri það varla úr þessu. Prómeifeitur hélt því reyndar fram að Seifi hefði aðallega gramist að mannskepnan, þessi fyrrum leirkarl, skyldi allt í einu kunna allt þetta, þessar guðlegu listir, og væri kominn með ímyndunarafl og farinn að skapa listir og þess vegna hefði hefnd Seifs orðið svo grimmileg.“



Áttundi kafli

Aþena þagnaði andartak og leit út í kjarrið, í þá átt þar sem Ares hafði horfið á handahlaupum. Hún virtist heyra hljóð og lækkaði róminn og næstum hvíslaði:

„Ares er að koma með eitthvað að borða. Látum því af þessu tali. Ares var nefnilega leiðtogi hópsins sem Seifur sendi að handsama Prómeþeif og hlekkja hann niður í fjöllunum. Og honum er ekki vel við að vera minntur á það. Okkur líkaði öllum vel við Prómeþeif þótt hann væri ólíkindatól og við vissum aldrei hvar við hefðum hann.“

Bríet og Kristján heyrðu nú líka að einhver var á ferð í kjarrinu.

„Hvað skyldi hann koma með að borða?“
hvíslaði Kristján að Bríeti.

„Eitthvað voðalega guðlegt og grískt og fínt,“ glotti Bríet. „Örugglega vínberjaþrúgur og hunang og nýbakað ilmandi brauð ...“

„Og ólífur og olíu og appelsínur og fínasta glóðarsteikt lambakjöt,“ hélt Kristján áfram og það var komið vatn í munninn á honum.

Þá birtist Ares í útjaðri rjóðursins. Hann var ekki á handahlaupum að þessu sinni, enda var hann með fjóra pappakassa í fanginu. Hann arkaði með þá beint að hlóðunum þar sem Aþena og systkinin sátu og rétti orðalaust einn kassa að hverju þeirra. Þetta voru pitsur.



Það var aðeins einn alþjóðlegur pitsustaður á eyjunni. Systkinin könnuðust orðið vel við hann og þangað hafði stríðsguðinn farið að útvega þeim eitthvað að borða. Bríet gapti. Ekki var það nú frumlegt, hugsaði hún, en gat svo ekki annað en skellt upp úr. Aþena sá greinilega hvað hún var að hugsa og brosti til hennar og kinkaði kolla svo lítið bar á. Kristján var hins vegar orðinn svo svangur að honum var alveg sama þótt hann fengi ekki framandlega og þjóðlega og hvað þá guðlega máltíð, hann tók fegins hendi við pitsunni sinni og fór að rífa hana í sig. Bríet opnaði sinn kassa, sem Ares rétti að henni, og leit svolítið vonsvikin á þunnildislega pepperoni-pitsu sem þar leyndist en svo tók svengdin völdin og hún fór að háma flatbökuna í sig.

Það sama gerðu Aþena og Ares. Hún borðaði að vísu hægt og virðulega en hann gleypsti aftur á móti sína pitsu í sig í fáeinum munnbitum. Svo settist hann niður við eldinn með ánægjusvip á andlitinu.

„Hvað var eiginlega í matinn þarna uppi á Ólympusfjalli hjá ykkur?“ sagði Kristján svo upp úr eins manns hljóði þegar allir voru búnir að seðja sárasta hungrið.

„Við átum flest sem að kjafti kom,“ sagði Aþena. „Sum okkar, alla vega,“ bætti hún við og leit glottandi til Aresar sem skælbrosti á móti. „En fyrir utan venjulega fæðu átum við ambrósíu og drukkum nektar. Hvorttveggja átti sinn þátt í hvað við héldum okkur vel þótt árin liðu. Þótt við séum ódauðlegir guðir, þá getum við vissulega elst ef við höldum okkur ekki í góðu formi. Og þar skiptu ambrósía og nektar mestu máli.“

„Hvað er það?“ spurði Bríet. „Er ekki nektar einhvers konar djús?“

„Einhvers konar djús?“ át Aþena eftir henni. „Djús, það er drykkurinn sem Ares kokkar hér upp á hlóðunum og gaf ykkur áðan. Unaðsdrykkurinn nektar er annað og meira. Ég held að ég ætti ekkert að segja ykkur hvað nektar var, né heldur ambrósía. Þið gætuð freistast til að fara að kokka það upp og hvernig gæti það endað? Þetta var aldrei ætlað öðrum en hinum ódauðlegum guðum sem aldrei munu þurfa að gista dauðraríki Hadesar frænda míns.“

Aþena gretti sig þegar hún nefndi nafn Hadesar.

„Hann kom sjaldan upp á Ólympusfjall sem betur fer og aldrei seinni árin. Hann var óþægilegur gestur. Honum fylgdi stæk nálykt og jafnvel rotnunarkeimur. Ég kunní aldrei vel við Hades en niðri í undirheimum var hann á réttri hillu, svo myrkt sem alltaf var yfir honum. Hann kom sér fyrir handan við ána Styx sem rennur neðanjarðar og áin varð í augum bæði manna og guða landamæri lífs og dauða. Enginn fékk að koma niður að ánni nema hann væri vel og tryggilega dauður og Hades fékk þríhöfða hundinn Kerebos til að gæta þess. Yfirleitt var Kerebos samt til friðs og lét þá dauðu afskiptalausar þegar sálir þeirra stefndu sorgmæddar niður að fljótinu Styx, en vei þeim dauðu ef þeir reyndu að sleppa burt úr undirheimum



og komast aftur upp í veröld hinna lifandi. Þá kviknaði grimmdin í Kerebosi, skal ég segja ykkur!“

Aþena hristist örlítið við minninguna um reiði hundsins. Kristján og Bríet skildu að sú reiði hlaut að hafa verið ógnarleg, úr því hrollur fór um sjálfa gyðjuna. En svo hélt hún áfram frásögninni.

„Þegar komið var niður að ánni Styx beið bátur þeirra dauðu og flutti þá yfir í ríki Hadesar. Hades hafði fengið ferjumanninn Karon til að annast flutninga á sálum þeirra dauðu yfir ána. Karon var sonur tveggja af þeim gömlu goðmögnum sem Gaía og Úranus höfðu eignast í árdaga en það voru Nóttin og Skugginn. Karon sonur þeirra var einmitt við hæfi Hadesar, mjög dimmleitur og drungalegur náungi, niðurlútur, silalegur og hæglátur en þá sjaldan að hann leit upp sá maður að augun loguðu af sóttthitakenndum ofsa. Það kom fyrir að nýdáið fólk fór að kveinka sér í bátnum á leiðinni yfir Styx og grátbað Karon að snúa við og leyfa því að snúa aftur til lifandi ástvina sinna. Karon ansaði aldrei neinu, það var ómögulegt að hræra hans dimma hjarta til meðaumkunar. Hinir dauðu skyldu enda í ríki hinna dauðu og ekkert múður með það.“

„Var ekkert himnaríki eða helvíti?“ spurði Kristján. „Skipti engu máli hvort fólk hafði hagað sér vel eða illa í lífinu?“

„Nei,“ sagði Aþena stuttaralega. „Manneskjur eru flóknar, ekkert síður en við guðirnir. Þær eiga í sál sinni bæði gott og vont. Það væri ómögulegt að fara að flokka ævi hveðrar manneskju í gott og vont og ákveða svo á dauðastundinni hvort hún færi á góðan stað eða vondan. Prestarnir ykkar mega eiga þá hugmynd. Við hinir sönnu guðir ætlumst hins vegar til þess að menn geti sér góðan orðstír í þessu lífi, svo eru allir jafnir eftir dauðann. Allir, bæði háir sem lágir, góðir sem vondir og allt þar á milli, allir urðu að feta slóðina framhjá Kerebosi og niður að Styx þar sem Karon ferjaði þá yfir á bát sínum og þjónar Hadesar tóku á móti þeim. Mér skilst það sé dauf vist hjá Hadesi og ekki mikið fjör. Ég mundi því ráðleggja ykkur mannfólkinu að reyna að skemmta ykkur sem best meðan þið eruð á lífi og ekki treysta á að það verði grín og glens í handanheimum!“

Ares rak allt í einu upp hrossahlátur við þessi orð systur sinnar. Kristjáni og Bríeti krossbrá. Aþena leist snöggt á bróður sinn og þá hljóðnaði hláturinn á svipstundu.

„Þið afsakið,“ sagði Aþena. „Ég á kannski ekkert að vera að fjasa þetta um hvernig fer fyrir þeim dánunni. Þið eruð ung og langt þangað til þið þurfið að horfast í augu við það. Svo við skulum halda okkur við eitthvað skemmtilegra. Og vissulega var oft bæði líf og gleði hjá okkur uppi á Ólympstindi. Við Appolló vorum til dæmis sífellt að bralla eitthvað skemmtilegt saman, já, ég á alveg eftir að segja ykkur frá mínum dásamlega bróður Appolló, þeim snilldarmanni og dekur-dreng. Sá var nú máttugur guð!“

Aþena brosti furðulega út að eyrum en Ares gretti sig við þetta og virtist ekki hafa geð til þess að hlusta á langar frásagnir af því hve guðdómlegur Appolló hefði verið. Hann stóð upp og kastaði tómum pitsukössunum á eldinn en Bríet sá að hann laumaðist til að troða upp í gúlann á sér hálfri pitsu sem Aþena hafði skilið eftir. Svo hvarf hann inn í kofann. Enn fannst Bríeti eins og snögglega hefði dimmt og ætlaði að fara að líta í kringum sig til að sjá hvort farið væri að skyggja en fann þá að hún var orðin eitthvað skrytinn í höfðinu. Það var furðu mikill reykur af þessum pitsukössum sem Ares hafði varpað á eldinn, hann umlukti þau og skyndilega sá Bríet illa til Aþenu þar sem gamla konan sat hinum megin við eldstóna. Hún sá útundan sér að Kristján var alveg hreyfingarlaus en hafði ekki orku til að líta á hann og vita hvort hann væri kannski sofnaður. Henni fannst hún líka vera orðin ansi þvoglumælt þegar hún sagði:

„En þið hafið nú ekki verið mjög máttug ... þú og Appolló og Seifur og öll hin ... ef þið töpuðuð svo fyrir kristindómnum og þið Ares húkið hér í pínulitlum kofa og rífast við einhvern prest ... hvers konar guðir eru það?“

Nú skutu augu Aþenu gneistum gegnum reykinn.

„Okkar tími kom og það var glæsilegur tími og já, hann leið að lokum. Að minnsta kosti í bili. Við flæktumst í tali prestanna um kristindóminn, og ég skal viðurkenna að við kunnum ekkert að

bregðast við. Og hér megum við því húka, Ares karlinn og ég. Hinir eru dreifðir hingað og þangað, kannski býr hluti af Ólympusfjalli á þessu Íslandi ykkar, veistu nema það gæti verið? En einhvern tíma munum við snúa vörn í sókn og sigra að lokum!“

Bríet heyrði hvernig rödd Aþenu dó út. Og hún heyrði hróp og köll í fjarska. Hún hrsti höfuðið og sá að eldurinn var kulnaður og Kristján sat hokinn og steinsofandi við hlið hennar. Þau sátu þarna tvö ein og kofinn sem Ares og Aþena höfðu búið í var ekki lengur á sínum stað. Þar lá bara súlnabrot og ýmislegt rusl í kring. Og sólin var að koma upp.





Það heyrðist hávært skrif í trjánum í útjaðri rjóðursins. Bríet leit við. Pabbi og mamma komu þjótandi gegnum kjarrið og tveir lögreglumenn í fylgd með þeim.

„Þarna eruði!“ hrópaði mamma.

„Við erum búin að leita að ykkur í alla nótt!“ bætti pabbi við og náði til Kristjáns sem var að rumska og faðmaði hann að sér.

Mamma greip utan um Bríeti og þrýsti henni að sér.

„Almáttugur hvað við vorum hrædd!“ sagði hún. „Við leituðum um allt. Svo var það þessi ungi prestur sem sagði okkur frá rjóðri þar sem honum datt í hug að þið hefðuð kannski hreiðrað um ykkur.“

Bríet leit út að jaðri rjóðursins. Á hæla lögregluþjónanna tveggja hafði ungi presturinn komið. Hann leit á Bríeti þýðingarmiklu augnaráði.

Svo blikkaði hann og brosti örlítið. Á öxl hans sat stór og sælleg engispretta og suðaði.



ÁTÖK Á ÓLYMPSFJALLI

Í þessari bók eru sagðar fornar sögur af gyðjum og guðum á Ólymposfjalli í Grikklandi. Krakkarnir Bríet og Kristján eru þar á ferðalagi og rekast á furðuleg systkini sem segja þeim frá ótrúlegum heimi grísku guðanna. Þau fá að kynnst skrýtnum skepnum og atburðum sem menn trúðu fyrr á tímum að hefðu gerst.

Saga grísku guðanna er sett fram í skemmtilegri endursögn Illuga Jökulssonar á lipru máli sem hentar breiðum hópi lesenda.

Myndskreytingar eru eftir Kristínu Rögnu Gunnarsdóttur.



m MENNTAMÁLASTOFNUN
40122

